

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/47/20

frá 22 ágúst 2001

um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir einkatölvur(*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 2584)

(2001/686/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um
veitingu umhverfismerkis bandalagsins ⁽¹⁾, einkum 3., 4. og
6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að veita megi umhverfismerki bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum hvað varðar helstu umhverfisþætti.
- 2) Í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sérstakar viðmiðanir fyrir umhverfismerki samkvæmt vöruflokkum.
- 3) Í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að endurskoðun á viðmiðununum fyrir umhverfismerki, sem og kröfunum um mat og sannprófun er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð áður en gildistímabili viðmiðananna, sem tilgreindar eru fyrir hvern vöruflokk, lýkur og skuli ljúka með tillögu að framlengingu, afturköllun eða endurskoðun.
- 4) Með ákvörðun 1999/205/EB ⁽²⁾ setti framkvæmdastjórnin vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir einkatölvur en samkvæmt 3. gr. þeirrar ákvörðunar féllu þær úr gildi 28. febrúar 2002.

- 5) Rétt er að endurskoða skilgreininguna á vöruflokknum og vistfræðilegu viðmiðanirnar, sem settar voru með ákvörðun 1999/205/EB, þannig að þær endurspegli þróun á markaðnum.
- 6) Rétt er að framkvæmdastjórnin samþykki nýja ákvörðun þar sem settar eru sérstakar vistfræðilegar viðmiðanir fyrir þennan vöruflokk sem gilda í þrjú ár.
- 7) Rétt er að bæði nýju viðmiðanirnar, sem eru settar með þessari ákvörðun, og viðmiðanirnar sem voru settar með ákvörðun 1999/205/EB séu í gildi samtímis í takmarkaðan tíma, þó ekki lengri en 12 mánuðir, til að fyrirtæki, sem veitt hefur verið umhverfismerki fyrir vörur sínar áður en þessi nýja ákvörðun er samþykkt, fái nægan tíma til að aðlaga vörunar þannig að þær séu í samræmi við nýju viðmiðanirnar.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, hafa verið unnar og samþykktar í samræmi við málsmeðferðina við setningu viðmiðana fyrir umhverfismerki sem mælt er fyrir um í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Vöruflokkurinn „einkatölvur“ (hér á eftir kallaður „vöruflokkurinn“) samanstendur af:

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 242, 12.9.2001, bls. 4, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2002 frá 1. febrúar 2002 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 18, 4.4.2002, bls. 9.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 70, 17.3.1999, bls. 46.

einkatölvur:	tölvur hannaðar til nota á ákveðnum stað, eins og t.d. skrifborði og samanstanda af tölvukassa, hnappaborði og skjá. Þar með taldar eru einnig tölvur þar sem tölvukassinn og skjáinn eru sameinuð í einum kassa;	Þessa tímabils skal framlengja gildistíma þeirra um eitt ár til viðbótar.
tölvukassar:	tölvukassar til notkunar með einkatölvum;	Framlengja skal gildistíma skilgreiningarinnar fyrir vöruflokkinn og viðmiðanirnar, sem eru settar með ákvörðun 1999/205/EB, þannig að hann renni út að 12 mánuðum liðnum frá þeim degi er þessi ákvörðun kemur til framkvæmda.
skjái:	skjái til notkunar með einkatölvum;	<i>4. gr.</i>
hnappaborð:	hnappaborð til notkunar með einkatölvum.	Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „013“ notað fyrir vöruflokkinn.

*2. gr.**5. gr.*

Meta skal umhverfisáhrif vöruflokksins, sem er skilgreindur í 1. gr., með hliðsjón af hinum sérstöku vistfræðilegu viðmiðunum sem koma fram í viðaukanum.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. ágúst 2001.

3. gr.

Skilgreiningin á vöruflokknum og viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn skulu gilda til þriggja ára frá þeim degi sem þessi ákvörðun kemur til framkvæmda. Hafi endurskoðaðar vistfræðilegar viðmiðanir ekki verið samþykktar fyrir lok

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

Til að fá umhverfismerki verður einkatölva, tölvukassi, skjár eða hnappaborð (sem hér á eftir nefnast „varan“) að falla undir vöruflokkinn eins og hann er skilgreindur í 1. gr. og vera í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir í þessum viðauka (hægt er að sækja um umhverfismerki fyrir hvern einstakan hluta að músinni undanskilinni).

	Tölvukassi	Skjár	Hnappaborð	Einkatölva
Orkusparnaður: tölvukassi	X			X
Orkusparnaður: skjár		X		X
Lenging endingartíma: tölvukassi	X			X
Lenging endingartíma: skjár		X		X
Kvikasilfursinnihald í vökvakristallsskjám (LCD)		X (þar sem við á)		X (þar sem við á)
Hávaði	X			X
Rafsegulgeislun		X		X
Endurviðtaka og endurvinnsla	X	X (eftir því sem við á)	X (eftir því sem við á)	X (eftir því sem við á)
Notendaleiðbeiningar	X	X	X (eftir því sem við á)	X (eftir því sem við á)
Umhverfisfirlýsing	X	X	X	X

Prófanir skulu fara fram þegar umsókn er lögð fram eins og segir fyrir um í viðmiðunum og skulu framkvæmdar af rannsóknarstofum sem uppfylla almennu kröfurnar sem settar eru fram í ISO-staðli EN 17025. Heimilt er að nota aðrar prófunaraðferðir, þar sem við á, ef þar til bæra stofnunin, sem metur umsóknina, fellst á að þær séu jafngildar. Þar sem engar prófanir eru tilgreindar, eða þar sem tilgreint er að þær séu notaðar til sannprófunar eða eftirlits, ber þar til bærnum stofnunum að byggja á yfirlýsingum og gögnum, sem umsækjandi lætur í té, og/eða óháðum sannprófunum eftir því sem við á.

Markmiðið með þessum viðmiðunum er einkum að:

- draga úr umhverfisþjöllum eða umhverfisáhættu tengdri orkunotkun (almennri hækkun hitastigs, súrnun, eyðingu óendurnýjanlegra auðlinda) með því að minnka orkunotkun,
- draga úr umhverfisþjöllum, sem tengjast nýtingu náttúruauðlinda, með því að hvetja til þess að auðvelt verði að skipta út íhlutum, endurvinna og viðhalda vörinni.
- draga úr umhverfisþjöllum eða umhverfisáhættu tengdri notkun hættulegra efna, með því að minnka notkun þessara efna,

Viðmiðununum er ætlað að stuðla að bestu framkvæmd (ákjósanlegustu notkun fyrir umhverfið) og að efla umhverfisvitund neytenda. Merking íhluta úr plasti stuðlar enn fremur að endurvinnslu vörunnar.

Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að merkingu einkatölva sem hafa minni umhverfisáhrif.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með því að farið sé eftir viðmiðunum í þessum viðauka, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, svo sem EMAS eða ISO 14001, er beitt. (*Aths.*: ekki er gerð krafa um að slík stjórnunarkerfi séu notuð).

VISTFRÆÐILEGAR VIÐMIÐANIR

1. ORKUSPARNAÐUR

Tölvukassi

- a) Tölvukassinn verður að uppfylla nógildandi kröfur „Energy Star“-áætlunarinnar ⁽¹⁾ um orkunotkun.

Umsækjandinn skal leggja fram skýrslu þar sem staðfest er að mælt hafi verið hversu mikil orkunotkun tölvukassa einkatölvunnar sé með því að nota aðferðina í nógildandi viljayfirlýsingu „Energy Star“ áætlunarinnar um tölvur. Í skýrslunni skal tilgreina mælda orkunotkun.

- b) Tölvan skal styðja ACPI ⁽²⁾ S3 dvalastillinguna (stillt á bið í vinnsluminni (suspend to RAM)) til að lágmarksorkunotkun verði minni en 5 vött. Tölvan skal geta farið úr dvalanum við skipun frá einu af eftirfarandi:

- mótaldi,
- nettengingu,
- hnappaborði eða mús,

Sjálfgæfin tímastilling á því að tölvan hverfi úr vinnslu í ACPI S3 dvala skal vera = 30 mínútna aðgerðaleyfi. Þessi stilling skal vera virk við afhendingu, en notandi skal geta tekið hana af ef því er að skipta.

Umsækjandinn skal leggja fram skýrslu þar sem staðfest er að mælt hafi verið hversu mikil orkunotkunin í ACPI S3 stillingunni sé með því að nota aðferðina í nógildandi viljayfirlýsingu „Energy Star“ um tölvur. Í skýrslunni skal tilgreina mælda orkunotkun í þessum ham.

- c) Þegar slökkt er á tölvunni skal orkunotkun hennar ekki vera meiri en 2 vött. Í því tilviki er slökkt á tölvunni með skipuninni „slökkva“.

Umsækjandinn skal leggja fram skýrslu þar sem staðfest er að mælt hafi verið hversu mikil orkunotkunin sé þegar slökkt er á tölvunni með því að nota aðferðina í nógildandi viljayfirlýsingu „Energy Star“ um tölvur. Í skýrslunni skal tilgreina mælda orkunotkun í þessum ham.

Skjár

- a) Í dvala ⁽³⁾ (sleep mode) skal orkunotkun skjásins vera ≤ 10 vött. Sjálfgæfin tímastilling á því að tölvan hverfi úr vinnslu í dvala skal vera ≤ 15 mínútna aðgerðaleyfi. Framleiðandinn skal sjá til þess að stillingin sé virk, en notandinn skal geta tekið hana af ef því er að skipta.

- b) Í djúpdvala ⁽⁴⁾ (deep-sleep mode) skal orkunotkun skjásins vera ≤ 5 vött. Sjálfgæfin tímastilling á því að tölvan hverfi úr vinnslu í djúpdvala skal vera 30 mínútna aðgerðaleyfi. Framleiðandinn skal sjá til þess að stillingin sé virk, en notandinn skal geta tekið hana af ef því er að skipta.

Umsækjandinn skal leggja fram skýrslu þar sem staðfest er að mælt hafi verið hversu mikil orkunotkunin sé í báðum þessum dvala-stillingum með því að nota aðferðina í nógildandi viljayfirlýsingu „Energy Star“-áætlunarinnar um skjái. Í skýrslunni skal tilgreina mælda orkunotkun í hvorum hamnum fyrir sig.

2. LENGING ENDINGARTÍMA

Tölvukassi

- a) Framleiðanda ber að ábyrgjast að einkatölvan sé í lagi í þrjú ár hið minnsta. Þessi ábyrgð skal gilda frá þeim degi sem viðskiptavinurinn fær tækið afhent.

- b) Tölvan skal hönnuð þannig að hægt sé að skipta um minnið í henni.

⁽¹⁾ Eins og skilgreint er af umhverfisverndarstofnun Bandaríkjanna.

⁽²⁾ Bætt samskipunar- og orkuskil (Advanced configuration and power interface (ACPI)).

⁽³⁾ Eins og skilgreint er með nógildandi „Energy Star“-skilgreiningunni um „fyrsta orkusparandi“- eða „djúpdvala“-ham.

⁽⁴⁾ Eins og skilgreint er með nógildandi „Energy Star“-skilgreiningunni um „annan orkusparandi“- eða „djúpdvala“-ham.

- c) Tölvan skal hönnuð þannig að hægt sé að skipta um harða diskinn og geisladiskdrifið eða drifið fyrir stafræna mynddíska ef þau eru til staðar.
- d) Að lágmarki skulu vera til staðar tveir tenglar til að tengja beint viðbótarjaðartæki svo sem skanna og öryggisafritunarbúnað.

Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessar kröfur.

Skjár

Framleiðanda ber að ábyrgjast að skjár einkatölvunnar sé í lagi í þrjú ár hið minnsta. Þessi ábyrgð skal gilda frá þeim degi sem viðskiptavinurinn fær tækið afhent.

Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessar kröfur.

3. KVIKASILFURSINNIHALD Í VÖKVAKRISTALLSSKJÁM (LCD)

Bakgrunnslýsing vökvakristallsskjásins skal ekki innihalda meira en 3 mg af kvikasilfri í hverri peru (að meðaltali)

Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessar kröfur.

4. HÁVAÐI

„Uppgefið hljóðafsstig“ tölvukassa einkatölvunnar samkvæmt lið 3.2.5 í ISO-staðli 9296 skal ekki vera meira en:

- 48 dB(A) þegar tölvan er í gangi en ekki í vinnslu;
- 55 dB(A) þegar gögn eru sótt eða skrifuð á diskadrif.

Umsækjandinn skal leggja fram skýrslu þar sem staðfest er að stig hávaðamengunar hafi verið mælt í samræmi við ISO-staðla 7779 og 9296. Í skýrslunni skal koma fram stig hávaðamengunar bæði þegar tölvan er í gangi en ekki í vinnslu og þegar gögn eru sótt eða skrifuð á diskadrif og það tilgreint í samræmi við lið 3.2.5 í ISO-staðli 9296.

5. RAFSEGULGEISLUN

Skjár einkatölvunnar skal ekki fara yfir núgildandi mörk um hámarksváhrif sem sett eru í tilmælum ráðsins 1999/519/EB frá 12. júlí 1999 um takmörkun á váhrifum sem almenningur verður fyrir af völdum rafsegulsviðs (0 Hz til 300 GHz) ⁽¹⁾

Umsækjandinn skal leggja fram skýrslu þar sem tilgreindar eru aðferðirnar sem notaðar voru til að mæla stig rafsegulgeislunarinnar. Í skýrslunni skal sýna fram á að skjár einkatölvunnar fari ekki yfir núgildandi mörk um hámarksváhrif sem sett eru í tilskipun 1999/519/EB.

6. ENDURVIÐTAKA OG ENDURVINNSLA

Framleiðanda ber að taka aftur við vörunni án endurgjalds og öllum ihlutum sem skipt hefur verið um, nema um hluti sé að ræða sem hafa mengast hjá notendum (t.d. vegna notkunar á sviði lækninga eða vegna geislunar) til endurvinnslu eða endurbóta. Þessu til viðbótar skal varan uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) einstaklingur, sem er til þess hæfur, á að geta tekið vöruna sundur einsamall;
- b) framleiðandinn skal hafa eftirlit með því þegar varan er tekin í sundur og leggja fram skýrslu þar að lútandi til þriðja aðila ef óskað er eftir því. Í skýrslunni skal meðal annars staðfest að:
 - tengingar séu auðfínanlegar og aðgengilegar,
 - tengingar séu svo staðlaðar sem kostur er,
 - tengingar séu aðgengilegar með algengum verkfærum,
 - auðvelt sé að losa perurnar í bakgrunnslýsingu vökvakristallsskjásins;
- c) mögulegt skal vera að skilja frá ósamrýmanleg og hættuleg efni;
- d) það skal vera tæknilega mögulegt að endurvinna 90% efna úr plasti og málm í hliðum kassans og grind;
- e) ef vörunni er krafist skal annaðhvort vera mjög auðvelt eða alls ekki hægt að fjarlægja þá;
- f) um hluta úr plasti gildir eftirfarandi:
 - þeir mega hvorki innihalda blý né kadmíum sem bætt hefur við af ásettu ráði,
 - þeir skulu vera úr einni fjölliðu eða samrýmanlegum fjölliðum, nema kassi fartölvunnar, sem má ekki vera úr fleiri en tveimur fjölliðum sem eru aðskiljanlegar,
 - í þeim mega ekki vera neinir innfelldir málmhlutir sem ekki er hægt að skilja frá;

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB L 199, 30.7.1999, bls. 59.

g) um hluta úr plasti, sem eru þyngri en 25 grömm, gildir eftirfarandi:

— þeir skulu ekki innihalda eftirfarandi logavarnarefni:

Heiti	Cas-númer
dekabromódifenyli	13654-09-6
mónóbromódifenyli	101-55-3
díbrómódifenyli	2050-47-7
tríbrómódifenyli	49690-94-0
tetrabromódifenyli	40088-47-9
pentabromódifenyli	32534-81-9
hexabromódifenyli	36483-60-0
heptabromódifenyli	68928-80-3
oktabromódifenyli	32536-52-0
nónabromódifenyli	63936-56-1
dekabromódifenyli	1163-19-5
klórparafín með 10-13 C-frumeinda keðjulengd, klórinnihald > 50 % miðað við þyngd	85535-84-8,

— þeir skulu ekki innihalda logavarnarefni eða efnablöndur sem innihalda efni sem fá eða geta fengið hættusetningarnar H 45 (getur valdið krabbameini), H 46 (getur valdið arfgengum skaða á erfðaefti), H 50 (mjög eitrad vatnalífverum), H 51 (eitrad vatnalífverum), H 52 (skaðlegt vatnalífverum), H 53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni), H 60 (getur dregið úr frjósemi) eða H 61 (getur skaðað barn í móðurkviði), eins og skilgreint er í tilskipun ráðsins 67/548/EBE ⁽¹⁾ og síðari breytingum hennar,

— skulu bera varanlega merkingu, sem sýnir um hvaða efni er að ræða, í samræmi við ISO-staðal 11469. Efni úr pressuðu plasti og ljósbeinirinn í flötum skjám eru undanþegin þessari viðmiðun;

h) rafhlöður skulu ekki innihalda meira en 0,0001% af kvikasilfri, 0,001% af kadmíum eða 0,01% af blýi miðað við þyngd rafhlöðunnar.

Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessar kröfur. Umsækjandi skal leggja fram afrit af skýrslu um það hvernig vélin skuli tekin sundur til þar til bærrar stofnunnar er metur umsóknina.

7. NOTENDALEIÐBEININGAR

Selja skal vöruna með viðeigandi upplýsingum fyrir notendur þar sem gefin eru ráð um rétta notkun hennar með tilliti til umhverfissjónarmiða, hér er einkum átt við:

1. ráðleggingar um notkun orkusparandi stillinga, þar á meðal upplýsingar um að orkunotkun og rekstrarkostnaður geti vaxið ef þessar stillingar eru gerðar óvirkar;
2. upplýsingar þess efnis að orkunotkun frá almennri rafmagnsveitu verði alls engin ef tölvan er tekin úr sambandi eða ef slökkt er á rofa við innstunguna;
3. upplýsingar um ábyrgð og framboð varahluta. Veita skal upplýsingar varðandi réttar aðferðir þegar og ef neytandinn þarf að uppfæra eða skipta um íhluti;
4. upplýsingar þess efnis að varan hafi verið hönnuð með endurnotkun íhluta og endurvinnslu í huga og því ætti ekki að henda henni;
5. ráðleggingar um hvernig neytandinn getur nýtt sér endurvíðtökutilboð framleiðanda;
6. upplýsingar um að vörunni hafi verið veitt umhverfismerki Evrópusambandsins ásamt stuttri skýringu á því hvað það merkir, og einnig að frekari upplýsingar um umhverfismerkið fái á vefsetrinu (<http://europa.eu.int/ecolabel>).

Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessar kröfur og leggja fram afrit af notendahandbók til þar til bærrar stofnunnar er metur umsóknina.

8. UMHVERFISYFIRLÝSING

Vörunni skal fylgja umhverfisyfirlýsing sem er tiltæk fyrir notandann. Skjalið skal vera í samræmi við tilmælin í tækniskýrslu ECMA nr. 70 „Product-related environmental attributes“.

⁽¹⁾ Stjóttíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1.

9. UPPLÝSINGAR SEM KOMA FRAM Á UMHVERFISMERKINU

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

- lítil orkunotkun,
 - hönnun auðveldar endurvinnslu.
-